

Staðfesta etur kappi við raunsæi

Nær víst er að þær stöllur Guðrún Agnarsdóttir og Kristín Halldórsdóttir hverfi af þingi áður en kjörtímabilið þrýtur og láti þeim Guðrúnu Halldórsdóttur og Önnu Ólafsdóttur Björnsson eftir sæti sín einsog Samtök um kvennalista hétu kjósendum sínum fyrir þingkjörið í hittið-fyrri. Hinsvegar er ljóst að það verður ekki nú í vor og að þær Guðrún og Kristín, sem að margra mati eru burðarásar þingflokksins, yfirgefa ekki löggjafarsamkomuna samtímis. Kristín hverfur til annarra starfa í haust en Guðrún við áramót eða að vori á ári komanda.

Þetta kom fram í spjalli Þjóðviljans við Guðrúnu Halldórsdóttur í gær. Hún staðfesti að sitt sýndist hverjum í hreyfingunni um nauðsyn þess að skipta um þingkonur nú en þó væru flestir sammála um að það yrði of mikil blóðtaka yrðu þær nafna hennar og Kristín samferða af þingi. Hitt væri svo annað mál að kjósendum hefði verið lofað skiptum og orð skyldu standa. Þær Anna væru öldungis ekki jafn „óreyndar“ og gagnrýnendur vildu vera láta, t.a.m. hefði hún sjálf sótt þingflokksfundi síðastliðin 6 ár. Líkastil yrði niðurstaðan sú að Anna settist á þing í haust en hún sjálf um miðbik vetrar eða næsta vor.

Einsog menn rekur minni til hófst mikil umræða um þessa skiptareglu Kvennalistans fyrir síðustu kosningar. Hún var umdeild í röðum K. kvenna sjálfra og að auki létu ýmsir lögspekingar til sín taka. Staðhæfðu þeir að það væri ekki í anda stjórnarskrár að ákveða fyrir kosningar að þingmenn vikju á miðju kjörtímabili. Þær sátu hinsvegar við sinn keip og vísuðu í árgamla landsfundarsamþykkt Kvennalistans; þingkonur skyldu ekki sitja lengur á löggjafarsamkomunni en 6-8 ár. Þetta væru praktískar útfærslur tveggja af hornsteinum hreyfingarinnar: valdreifingar og virks lýðræðis.

Einsog kunnugt er hafa fulltrúaskipti þegar farið fram hjá K. konum í borgarstjórn, hin skelegga forystukona Ingibjörg Sólrun Gísladóttir sté upp úr sessi sínum í fyrri og eftirlét hann Elínu G. Ólafsdóttur. Margar K. kvenna sakna Ingibjargar og telja að umskiptin hafi verið til hins verra, Elín sé hvergi nærri jafn ötull og vaskur málsvari og Ingibjörg. Þetta dró og fram helsta galla skiptareglunnar: reyndar og vinsælar forystukonur verða að vikja fyrir minna (eða meira) þekktum og næsta lítt reyndum arftökum, hvað sem tautar og raular.

Þjóðviljinn hefur fyrir satt að vonbrigði með skiptin í borgarstjórn Reykjavíkur hafi hreyft við fjölmörgum K. kvenna og þær söðlað um í afstöðunni til þess hvort skipta ætti þeim Guðrúnu og Kristínu út af þingi.

Málið hafi hinsvegar legið í láginni uns nýjasta hefti tímaritsins Þjóðlífs kom á markað. Þar er fjallað um væntanleg þing-kvennaskipti einsog sjálfsgöðan hlut, rætt stuttlega við Danfríði Skarpéðinsdóttur en ítarlega við kandidatanu Önnu Ólafsdóttur Björnsson og Guðrúnu Halldórsdóttur um helstu hugðarefni þeirra. Ekki kemur þar fram að það orki tvímælis hvort þær taki sæti á alþingi, það er klappað og klárt.



Hinar raunsærri Kvennalistakvenna vilja ekki að þær hverfi á braut en staðfestukonur vilja að orð standi. Guðrún Agnarsdóttir og Kristín Halldórsdóttir.

Danfríður fjallar almennt um ágæti þess að skipta um fulltrúa á löggjafarsamkomunni þótt kjörtímabil hafi ekki runnið sitt skeið: „Meðal fylgismanna okkar ríkti almenn ánægja með ákvörðunina, því á þennan hátt tryggjum við að þingkonur Kvennalistans einangrist ekki né festist í þessu starfi. Við viljum ekki líta á þingsetu sem eitthvert ævistarf.“ Haft er eftir Guðrúnu: „Við vor-

þetta bætist síðan sú staðreynd að samkvæmt skoðanakönnunum eru vinsældir Kvennalistans í rénun. Af þeim sökum einnig megi hann ekki við því að þekktustu andlitin hverfi úr sviðsljósinu.

Þótt enn hafi ekki önnur ákvörðun verið tekin í röðum Kvennalista en sú að fresta ákvörðunartöku um það hvenær skipti fari fram er tekist á um mál þetta í hreyfingunni nú. Ýmsar kvennanna vilja að staðið verði við kosningaloforðið góða án tafar en aðrar vilja ekki heyra á annað minnst en að þær Guðrún og Kristín starfi á alþingi kjörtímabilið á enda. Porri K. kvenna er þó á báðum áttum og vill fara bil beggja, Guðrún og Kristín vikji en ekki strax og alls ekki samtímis. Endanleg ákvörðun verður hinsvegar ekki tekin fyrr en á landsfundi hreyfingarinnar í maí-mánuði.

Helstu andstæðingar skipta eru að sögn K. konur á Akureyri. Þær og skoðanasystur þeirra fyrir sunnan bera náttúrulega ýmsu við öðru en kvennamun. Helsta viðkvæðið er að mikil óvissa ríki í íslenskum stjórnámum um þessar mundir, Stefán Valgeirsson og hans fólk í Samtökum jafnréttis og félagshyggju sé um það bil að segja skilið við ríkisstjórnina og því verði brátt tvísýnt um þingmeirihluta hennar. Mestu skipti þó að allt sé á huldu um þróun kjaramála, komi til mikillar ólgu á vinnumarkaði og jafnvel allsherjarverkfalls séu dagar Steingrímsstjórnar II taldir.

Togstreita þessi í röðum Kvennalista er grein af sama meiði og ágreiningurinn á síðastliðnu hausti um það hvort hreyfingin ætti að flekka hreinar hendur sínar með þáttöku í ríkisstjórn eður ei. Þetta er hin sigilda tvídrægni í röðum grasrótahreyinga þar sem takast á óbilgjörn stefnufesta hinnar einföldu og öruggu veruleikasýnar og raunsæi fólks sem metur aðstæður hverju sinni og er reiðubúin að slá af kröfum sínum fái einhverjar óska þess að rætast.

ks

Í BRENNIDEPLI

um búnað að lýsa því yfir að þingmannaskipti myndu eiga sér stað á kjörtímabilinu og við það munum við standa.“ Og þessi setning er upphaf máls Önnu: „Væntanleg þingseta leggst vel í mig.“

Hér fer ekkert á milli mála en Þjóðviljinn hefur heimildir fyrir því að viðtöl þessi hafi vakið ýmsar kvenna af værum blundi, konur sem ekki máttu til þess hugsa að tvær reyndustu þingkonurnar hyrfu af löggjafarsamkomunni. Að arftökunum ólöstuðum myndu þeir traðla fara í fötin Guðrúnar Agnarsdóttur og Kristínar Halldórsdóttur. Við

Ágreiningur K. kvenna um þingkvennaskipti verður leystur með málamiðlun raunsæis- og staðfestukvenna. Guðrún og Kristín láta af þingmennsku á kjörtímabilinu, önnur í haust og hin um miðbik næsta vetrar